

129. fundur

Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn þriðjudaginn 1. apríl 2009 kl. 17:15 á kaffistofu skólans.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Önnur mál

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1. Jóhanna fór yfir skólastarfið.

Farið var með 7 nemendur á TónVest en kennaradagurinn féll niður.

Verið er að undirbúa vortónleikana á sumardaginn fyrsta og tónleikaferðalag lúðrasveitanna sem verður helgina eftir eða 24.-26. apríl.

Vorvaka Emblu verður tileinkuð sögu tónlistarlífs í Stykkishólmi og verður hún haldin 30. apríl. Tónlistarskólinn verður þar með nokkur tónlistaratriði.

Verið er að vinna í heimasíðugerð fyrir tónlistarskólann.

Hópur nemenda spilaði á Ráðstefnu um Staðardagskrá 21 og gekk það vel.

Skólahljómsveit frá Lappenranta verður í Stykkishólmi 3.-5. maí og verður með skólatónleika og almenna tónleika 4. maí í Stykkishólmskirkju.

Auglýst hefur verið eftir lúðrasveitarstjóra og málmblasturskennara í Morgunblaðinu og víðar.

Lúðrasveit Grundarfjarðar fékk að halda hér æfingabúðir um síðustu helgi.

Gefið var út fréttabréf í mars og var þar farið yfir það helsta sem var og er á döfinni til vors.

Svíþjóðarferð lúðrasveitarinnar hefur verið frestað um eitt ár.

Rætt um hækkun skólagjalda og ákvörðun frestað til næsta fundar.

Skólastjórar tónlistar-, leik- og grunnskóla eru byrjaðir að skoða skóladagatal skólaársins 2009-2010.

2. Skólastjóri gerði grein fyrir stöðu mála í hönnunarvinnu skólahúsnaðisins.

Gerð var grein fyrir hugmyndum um færslu yngstu bekkjanna GSS niður á Borgarbraut næsta haust. Skólanefnd tónlistarskólans leggur áherslu á að hags tónlistarskólans og nemenda hans verði gætt í þeirri umræðu.

Fundi slitið kl. 18.05.

Sigurborg Sturludóttir (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),

Daði Jóhannesson (sign.),

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).